



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
fullveldishátíð stúdenta við Háskóla Íslands
1. desember 2009**

*Ræðan var flutt blaðlaust.
Eftirrit af upptöku.*

Ágæti rektor
Góðir stúdentar

Til hamingju með daginn, 1. desember, sem þið hafið lengi haldið hátíðlegan; minnt þjóðina á að við eigum tvo merka sögudaga: 17. júní sem við höldum hátíðlegan að vori og 1. desember sem löngum hefur verið dagur umræðu, áminningar og hugleiðinga. Stúdentar verið þar í fararbroddi, reifað nýja sýn á okkur sjálf, söguna, en umfram allt á framtíðina.

Það er kannski nauðsynlegra nú en oftast áður að við Íslendingar nýtum fullveldisdaginn til að skoða okkur sjálf og veröldina, meta liðna tíð og lærdómanna af atburðunum; en líka hafa í huga hvernig við getum í samvinnu við aðrar þjóðir skapað okkur öllum betri veröld.

Eftir fáeina daga hefst í Kaupmannahöfn einhver merkasta og mikilvægasta ráðstefna sem þjóðir heims hafa efnt til, vettvangur þar sem reynt verður að ná niðurstöðu um hvernig við getum öll saman komið í veg fyrir óafturkræfar loftslagsbreytingar. Ef þær ná fram að ganga munu þær umturna öllu lífi jarðarinnar, gjörbreyta lífsskilyrðunum þegar þið verðið komin á okkar aldur; stór hluti landa heims verður óbyggilegur.

Þessi heimsráðstefna í Kaupmannahöfn er líka merkileg fyrir þá sök að aldrei fyrr hafa þjóðir heims komið saman á grundvelli vísinda, þekkingar og rannsókna eins og þar; rannsókna á loftslaginu, hafstraumum, á jöklum, á heimsskautunum.

Þar hefur Háskóli Íslands, íslenska vísindasamfélagið, stúdentar og kennarar lagt ríkulega af mörkum. Í gær tók ég við hinu merka riti prófessors Helga Björnssonar um jökla á Íslandi. Þar er dregin upp sú mynd að ef loftslagsbreytingarnar halda áfram þá muni jöklarnir í okkar fagra landi hverfa nær algjörlega á fyrri hluta næstu aldar og ásamt bráðnun íss annars staðar í veröldinni leggja sitt af mörkunum til þess að gjörbreyta lífsskilyrðum jarðarbúa.

Ég veit ekki hve mörg ykkar hafa áttað sig á því að haldi loftslagsbreytingarnar áfram og ísinn á Grænlandi bráðnar þá mun það hafa í för með sér hækkun sjávarborðs um allan heim um sjö metra. Ef ísinn á Suðurskautinu bráðnar líka þá mun hækkun sjávarborðsins verða um sextíu metrar. Þá dugar lítt að koma saman hér á háskólalóðinni til að fagna 1. desember. Þeir sem þá verða á vettvangi yrðu kannski öruggir uppi á þaki eða yrðu að forða sér upp í hlíðar Esjunnar til þess að hafa skjól fyrir þessum breytingum.

Þetta kann að hljóma sem furðufrásögn, en er engu að síður niðurstaðan af rannsóknum sem íslenska vísindasamfélagið hefur lagt mikið af mörkum til.

Ég nefni þetta hér í dag vegna þess að 1. desember er ekki bara dagur fullveldisins heldur líka dagur sem minnir okkur á framlag háskólafólks og stúdenta, fyrst í baráttunni fyrir sjálfstæði og framförum Íslendinga en síðan til alþjóðasamfélagsins. Það er einmitt á sviði rannsókna á loftslagsbreytingum og í orkumálum og á þjóðfélagsgerðinni sem íslenskt vísinda- og rannsóknasamfélag getur lagt mikið af mörkum á komandi árum.

Þá á ég líka við rannsóknir á efnahagshruninu og þeim hamförum sem við höfum orðið fyrir að undanförunu; hvernig við getum í samvinnu við aðrar þjóðir lagt grunn að því á komandi tíð að styrkja framfarir á nýjan leik.

Allt þetta felur í sér þá hvatningu að stúdentar, rannsakendur, háskólasamfélagið allt séu virkir þátttakendur í samtíðinni, í umræðum og ákvörðunum.

Mér hefur fundist á undanförunum árum, eða fáeinum áratugum, að um of hafi ríkt sú skoðun í háskólasamfélaginu að menn ættu þar einungis að stunda sínar rannsóknir; halda sig til hlés á umræðuvettvangi samfélags. En kjörorð háskólans sem meitlað er í aðalbyggingunni „Vísindin efla alla dáð“, er ekki bara um vísindin heldur líka dáðina. Það að skapa betra samfélag, öruggari framtíð, sjálfbæra veröld.

Aldrei fyrr hefur þekkingarsamfélagið haft jafn ríku hlutverki að gegna fyrir okkur Íslendinga, að endurskoða liðin ár og leggja grundvöll að betri framtíð en líka til að við getum með stolti lagt gott af mörkum á alþjóðlegum vettvangi til þess að veröldin öll eigi sér bjartari framtíð.

Þess vegna bið ég ykkur, stúdenta, kennara og rannsakendur við Háskóla Íslands og aðra háskóla í okkar landi að taka upp þann hátt á komandi misserum, að vera virk í þjóðfélagslegri umræðu, í leit að nýjum lausnum, í umsköpun á samfélaginu sem við verðum að knýja fram. En líka að taka virkan þátt í því að gera veröldina betri, að forða henni frá þeim hamförum sem munu blasa við ef við höfumst ekkert að.

1. desember er kjörinn vettvangur til þess að strengja þau heit. Í þeim anda þá óska ég ykkur til hamingju með daginn og þakka Háskóla Íslands, sérstaklega stúdentum, fyrir að halda áfram að minna þjóðina og okkur öll á þann sögulega boðskap og þá arfleifð sem 1. desember felur í sér.